

Ár 2023, miðvikudagur 26. september, kl. 09:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Lúðvík Erni Steinarssyni og Steinari Þór Guðgeirssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 6/2023

Knattspyrnudeild Vals

gegn

Knattspyrnudeild Víkings R.

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

dómur.

I.

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Lúðvík Örn Steinarsson og Steinar Þór Guðgeirsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp föstudaginn 8. september 2023, þar sem úrslit í leik Vals og Víkings R. í Bestu deild karla, sem fram fór þann 20. ágúst 2023, voru látin standa óhögguð. Þá var knattspyrnudeild Víkings R. ekki gert að sæta viðurlögum samkvæmt grein 36.1. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, sbr. úrskurði aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 15/2023.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 13. september 2023 þar sem áfrýjandi gerir eftirfarandi kröfur:

- i) Að hinum áfrýjaða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði hrundið og áfrýjanda dæmdur 3-0 sigur í leik hans við stefnda sem fram fór í Bestu deild meistaraflokks karla á Origovellinum að Hlíðarenda Reykjavík að kvöldi 20. ágúst 2023 og að stefnda verði gerð sekt.
- ii) Til vara að leikurinn verði ógiltur og áfrýjanda og stefnda gert að endurtaka leikinn og stefnda gert að greiða sekt.
- iii) Til þrautavara að stefnda verði gert að greiða 300.000 kr. sekt.

Varnaraðili gerir eftirfarandi kröfur fyrir áfrýjunardómstóli KSÍ:

- i) Aðallega að hinn kærði úrskurður verði staðfestur
- ii) Til vara er þess krafist að komist áfrýjunardómstóll að þeirri niðurstöðu að umrædd háttsemi feli í sér brot sem beita skuli viðurlögum þá verði litið til þeirra viðurlaga sem komi fram í grein 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

II

Málavextir eru þeir að Arnar Bergmann Gunnlaugsson aðalþjálfari knattspyrnuliðs í meistaraflokki karla hjá varnaraðila hlaut tveggja leikja bann með úrskurði aga- og úrskurðarnefndar þann 15. ágúst 2023. Umræddur þjálfari tók fyrri bannleikinn út þegar knattspyrnulið varnaraðila mætti HK sunnudaginn 13. ágúst sl. og bar þjálfaranum að taka út síðari bannleikinn í leik Vals gegn Víkingi

R., sem fram fór sunnudaginn 20. ágúst sl. Umræddur þjálfari mætti á fyrrgreindan leik Vals og Víkings R. á Origovellinum og var á meðal áhorfenda á meðan leik stóð. Á meðan leik stóð átti þjálfarinn í samskiptum í gegnum snjallsíma við þjálfarateymi Víkings R. Það gerði þjálfarinn á meðan hann tók út leikbann í leiknum í samræmi við úrskurð aga- og úrskurðarnefndar frá 15. ágúst sl.

III

Í greinargerð frá knattspyrnudeild Vals vegna áfrýjunar til áfrýjunardómstóls kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Áfrýjandi byggir heimild sína til að áfrýja úrskurði aga- og úrskurðarnefndar til áfrýjunardómstóls KSÍ á ákvæði 4.1 í reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ, sbr. og ákvæði 16.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Áfrýjandi byggir á því að hinn kærði úrskurður sé rangur að efni til og því beri áfrýjunardómstóli KSÍ að hrinda honum og gera stefnda refsingu í samræmi við kröfur áfrýjanda, sem rúmast innan ákvæða 11. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál og gildandi lög og reglur um framkvæmd knattspyrnuleikja á vegum KSÍ. Áfrýjandi byggir á því á að kröfugerð hans bindi ekki hendur dómstólsins, sem geti beitt þeim viðurlögum sem hann telji við hæfi í ljósi alvarleika þess brots sem mál þetta lýtur að. Áfrýjandi byggir á því að hvorki málsforræðisregla né útilokunarregla eigi við um rekstur mála fyrir dómstólum KSÍ í kærumálum.

Áfrýjandi tekur fram, að það sé rétt hjá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, að KSÍ hafi það hlutverk að setja lög og reglur um knattspyrnuíðkun á vegum sambandsins og framfylgja þeim, sbr. staflíð d í ákvæði 2.1 í lögum KSÍ.

Áfrýjandi hafnar hins vegar þeirri niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar, að af 2. gr. laga KSÍ leiði, að agareglur FIFA -FIFA Disciplinary Code- hafi ekki gildi við úrlausn kærumáls milli félaga sem aðild eiga að KSÍ þegar til umfjöllunar og úrlausnar er það álitæfni, hvort rangt hafi verið haft við af hálfu þjálfara annars liðsins á meðan á leik stóð.

Áfrýjandi bendir á 3. gr. laga KSÍ, sem ber yfirskriftina „Aðild að samtökum“. Í ákvæði 3.1 er tekið fram að KSÍ eigi aðild að ÍSÍ, UEFA og FIFA. Af aðild þessari leiðir samkvæmt ákvæði 3.2 að KSÍ á sjá til þess að starfsemi sambandsins sjálfs og aðildar félaga sé í samræmi við reglur og ákvarðanir ÍSÍ, UEFA, og FIFA. Í ákvæðinu er jafnframt tekið fram að reglur og ákvarðanir KSÍ séu bindandi fyrir aðila að KSÍ, félög, leikmenn, dómara, þjálfara, forystumenn og aðra þá sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ. Í 5. gr. laga KSÍ, sem ber yfirskriftina „Réttindi og skyldur aðildarfélaga“, segir í ákvæði 5.2 „Aðildarfélagi er skylt að virða, lög reglugerðir, reglur og ákvarðanir sem settar eru eða teknar af KSÍ, UEFA eða FIFA.

Af framangreindu er ljóst að réttarheimildir við úrlausn máls þessa eru ekki aðeins lög og reglur sem KSÍ hefur sett, heldur eru íslensk félagslið innan vébanda KSÍ bundin af alþjóðlegum og fjölþjóðlegum knattspyrnureglum í leikjum sem fara fram hér á landi, sbr. ákvæði 23.2 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, þar sem tekið er fram að Agareglur FIFA (FIFA Disciplinary Code) séu ákvæðum reglugerðarinnar til fyllingar, eftir því sem við á. Þá er einnig tekið fram í ákvæði 1.1 að reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál sé sett samkvæmt agareglum FIFA, en með stöð í 31. gr. (sic) laga KSÍ. Áfrýjandi bendir einnig á 75. gr. í V. kafla agareglna FIFA, sem ber yfirskriftina „Associations disciplinary codes. þar sem segir:

The associations are obliged to adapt their own disciplinary provisions to the general principles of this Code for the purpose of harmonising disciplinary measures. Article 66 paragraph 3 of this Code is considered mandatory in domestic competitions.

Áfrýjandi bendir á að hann hafi í kærnu sinni til aga- og úrskurðarnefndar tekið 3. mgr. 66. gr. agareglna FIFA upp í kærnu, sem hljóðar svo:

An official who has been sent off or is serving a match suspension:

may be allowed to sit in the stands, but not in the immediate vicinity of the field of play, provided their security and integrity are safeguarded;

shall not enter the dressing room, tunnel or technical area, or communicate with or contact any person involved in the match – in particular, players or technical staff – by any means whatsoever prior to or during the match;

is not entitled to attend the post-match press conference or any other media activity held in the stadium.

Pegar til alls framangreinds er horft er engum vafa undirorpið að hinn kærði úrskurður er rangur og að honum beri að hrinda.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar í málinu á því að Arnar Gunnlaugsson hjálafari stefnda hafi vegna agabrota verið settur í tveggja leika bann á grundvelli 12. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Af leikbanninu leiddi að Arnar Gunnlaugsson varð að vera meðal áhorfenda á leikvangi að Hlíðarenda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómari hafði flautað til leiksloka. Á þessu tímabili mátti Arnar Gunnlaugsson hvorki vera í búningsherbergi, göngum að leikvangi, eða á boðvangi, né vera í samskiptum við nokkurn einstakling sem tók þátt í leiknum – sérstaklega ekki, leikmenn eða liðsstjórn- með neinum hætti fyrir og á meðan leikur fór fram. Frá þessu samskiptabanni er engin undantekning og engu skiptir þó ekki sé sérstaklega lagt bann við símasamskiptum, hvort heldur er með snjallsímum eða annars konar fjarskiptabúnaði. Þeir einir mega koma að stjórnun leiks eru leikmenn og liðsstjórn, sem tilgreina skal á leikskýrslu, sem afhent er fyrir leik.

Samkvæmt knattspyrnulögum 2023-2024, sem tóku gildi hér á landi 22. mars 2023, er notkun forráðamanna á hvers konar rafrænum samskiptabúnaði óheimil meðan á leik stendur, sbr. 4. gr. laganna, sem ber heitið búnaður leikmanna. Með forráðamönnum er samkvæmt orðalista knattspyrnunnar átt við „Aðra sem skráðir eru á leikskýrslu en þeir sem teljast leikmenn, t.d. hjálafari, sjúkrahjálafari læknir (tæknilið)“. Tæknilið er samkvæmt sömu heimild annað heiti á forráðamönnum á ensku „Technical Staff“ á íslensku liðsstjórn.

Áfrýjandi byggir á því að með þeirri háttsemi, sem Arnar Gunnlaugsson lýsti í viðtali við Stöð 2 sport í kjölfar leiks áfrýjanda og stefnda hafi hann og forráðamenn stefnda með saknæmum og ólögmetum hætti brotið gegn ákvæði 12.7 um leikbann og 3. mgr. 66. gr. agareglna FIFA og 4. gr. knattspyrnulaga um notkun rafeindabúnaðar.

Áfrýjandi byggir á því að Arnar Gunnlaugsson hafi í raun stýrt liði stefnda í leiknum gegn áfrýjanda með því að koma sér þannig fyrir á áhorfendasvæði Origovallar að hann hafi haft góða vallarsýn og getað fylgst nákvæmlega með framgangi leiksins. Staðsetning gerði Arnari Gunnlaugssyni mögulegt að gefa fyrirmæli til forráðamanna kærða á boðvangi með símtölum, smáskilaboðum eða öðrum rafrænum hætti um hvernig bregðast skyldi við einstökum atvörðum, sem komu upp í leiknum, breyta leikskipulagi og skipan liðs stefnda, sbr. þá yfirlýsingu Arnars

Gunnlaugssonar að það hafi verið hægt að „micro manager vel þarna úr stúkunni.“ Þá hafi viðtal Arnars Gunnlaugssonar við Stöð 2 sport beint í kjölfar leiksins á leikvangi að Hlíðarenda verið brot á leikbanni samkvæmt skýru ákvæði í 3. mgr. 66. gr. agareglna FIFA.

Áfrýjandi byggir á því að með háttsemi sinni hafi Arnar Gunnlaugsson og forráðamanna stefnda, sem vissu af leikbanni þjálfarans, virt að vettugi þá skyldu, sem 4. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót leggur þeim á herðar, og fellst í því að sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt getur álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda.

Háttsemi Arnars Gunnlaugssonar og forráðmanna stefnda við framkvæmd leiks stefnda við áfrýjanda var ekki í samræmi við 4. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, og fól jafnframt í sér brot á þeirri skyldu að leika knattspyrnu í samræmi við knattspyrnulög og í samræmi við lög og reglur FIFA/UEFA, sbr. ákvæði 6.1 í lögum KSÍ og II. kafla FIFA agareglna FIFA, sem ber yfirskriftina „OFFENCES“. En þar segir í 13. gr., sem ber heitið „Offensive behaviour and violations of the principles of fair play“, undir staðlið 1.

Associations and clubs, as well as their players, officials and any other member and/or person carrying out a function on their behalf, must respect the Laws of the game, as well as the FIFA Statutes and FIFA's regulations, directives, guidelines, circulars, and decisions, and comply with the principles of fair play, loyalty and integrity.

Áfrýjandi byggir á því að Arnar Gunnlaugsson þjálfari og forráðmenn stefnda á boðvangi hafi í raun viðhaft svindl við framkvæmd leiksins, sem stefndi eigi ekki að hagnast á, frekar en nokkur annar sem svindlar í íþróttum eða á öðrum vettvangi.

Áfrýjandi byggir á því að áfrýjunardómstóli KSÍ beri vegna hinna alvarlegu brota þjálfara stefnda og forráðamanna hans að dæma áfrýjanda sigur í leiknum með markatölunni 3-0, eða annarri og lægri, eins og heimild dómstólsins stendur til samkvæmt staflíð a í ákvæði 11.1 í IV. kafla reglugerðar um aga- og úrskurðarmál, og gera stefnda sekt, sbr. heimild í staflíð d í ákvæði 11.2.

Áfrýjandi byggir á því að ákvæði 36.1 í V. kafla reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót tæmi ekki sök varðandi þau viðurlög sem hægt sé að beita vegna brota þjálfara á leikbanni, og bindi því ekki áfrýjunardómstól KSÍ við úrlausn máls þessa. Áfrýjunardómstóllinn geti dæmt áfrýjanda sigur í leiknum gegn kærða sunnudaginn 20. ágúst 2023.

Áfrýjandi byggir á því að áfrýjunardómstóll KSÍ hafi vald samkvæmt reglum um áfrýjunardómstól KSÍ til að beita þeim viðurlögum sem talin eru upp í 11. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarnefnd, þegar upp koma ágreiningsmál milli aðila sem eiga aðild að Knattspyrnusambandi Íslands, eins og reyndi er um áfrýjanda og stefnda.

Áfrýjandi byggir á því að háttsemi þjálfara og forráðmanna stefnda hafi ekki aðeins falið í sér brot á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót heldur einnig brot gegn lögum KSÍ, og þegar svo hagi til megi dæma leik tapaðan, sbr. staflíð h í ákvæði 44.1 og fésekt, sbr. staflíð k í sama ákvæði.

Áfrýjandi útrekar að agareglur FIFA heimila ekki að beitt sé mismunandi viðurlögum við broti á leikbanni eftir því hvort í hlut á leikmaður eða þjálfari knattspyrnuliðs, eins og mælt er fyrir um í grein 36.1 í reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Ákvæðið sé ógilt þar sem það fari í bága 1. mgr. 75. gr. agareglna FIFA.

Sömu málsástæður og lagarök og hafa verið tíunduð hér að frama varðandi aðalkröfuna gilda um varakröfu áfrýjanda, sbr. og ákvæði 17.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sem mælir fyrir um að kappleikur sé því aðeins gildur, að farið sé eftir lögum og reglugerðum KSÍ. Sú var ekki reyndi af hálfu stefnda í leik við áfrýjanda sunnudaginn 20. ágúst sl.

Áfrýjandi byggir á því að þjálfari stefnda og forráðamenn hans á boðvangi hafi brotið gegn lögum KSÍ, knattspyrnulögum 2023-2024 og agareglum FIFA með svindli við framkvæmd leiksins. Áfrýjunardómstóli KSÍ beri því með vísan til staflíð a í ákvæði 11.1 í IV. kafla reglugerðar um aga- og úrskurðarmál að ógilda leiki áfrýjanda og stefnda 20. ágúst sl. og kveða á um að hann skuli spilaður á ný, og gera stefnda jafnframt sekt, sbr. heimild í staflíð d í grein 11.2.

Telji áfrýjunardómstóllinn brot þjálfara og forráðamanna stefnda hins vegar svo léttvæg að hvorki aðal- né varakrafa verði ekki tekin til greina, er á því byggt að dæma beri stefnda til að greiða sekt að fjárhæð 300.000 kr. samkvæmt 36. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.“

IV

Í greinargerð frá varnaraðila knattspyrnudeild Víkings vegna áfrýjunar til áfrýjunardómstóls kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Um reglur KSÍ og agareglur FIFA (FIFA Disciplinary Code)

Í 2. másl. greinar 1.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er fjallað um gildissvið reglugerðarinnar og þar tekið fram að hún gildi um öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda KSÍ nema málin séu sérstaklega falin öðrum aðilum með lögum eða reglugerðum sambandsins. Í grein 2.1 segir að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hafi lögsögu yfir þeim málefnum sem komi upp innan sambandsins og skuli byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum KSÍ. Þá segir í grein 3.1 að nefndin geti beitt viðurlögum samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ. Það er því ljóst að aga- og úrskurðarnefnd ber að byggja niðurstöður sínar á lögum og reglum KSÍ en samkvæmt grein 23.2 geta agareglur FIFA verið til fyllingar, eftir því sem við á. Reglur sem eru öðrum til fyllingar geta ekki tekið yfir og ráðið túlkun í andstöðu við gildandi reglur, en geta verið til skýringar ef ákvæðum sleppir eða ef ákvæði eru svo óljós að ekki sé hægt að skilja markmið þeirra nema með skýringu og fyllingu slíkra reglna.

Í grein 12.7 reglugerðarinnar segir:

„Þjálfari eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómari hefur flautað til leikloka. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvöllinum, boðvangi, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt.“

Í grein 36.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót segir m.a.:

„Félag sem notar þjálfara [...] sem er í leikbanni skal sæta sektum og viðkomandi frekara leikbanni í samræmi við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar.“ [...] Félag sem notar [...] þjálfara [...] í leikbanni skal sæta sektum allt að kr. 300.000 sé brotið framið í meistaraflokki“.

Í 66. gr. agareglna FIFA segir að þjálfari sem sé í leikbanni megi vera á meðal áhorfenda en megi ekki vera í beinum samskiptum við neinn sem tekur þátt í leiknum fyrir leik eða á meðan leik stendur, en þar eru leikmenn og starfslið sérstaklega nefnt. Þá kemur einnig fram í greininni að þjálfari megi ekki taka þátt í fjölmiðlaviðtölum eftir leikinn. Það liggur því fyrir að 66. grein agareglna FIFA gengur talsvert lengra en framagreind ákvæði reglugerða KSÍ.

Eins og fram hefur komið telur Knattspyrnudeildar Víkings að háttsemi þjálfara mfl. karla hafi ekki falið í sér brot á grein 12.7. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál eða grein 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Að mati Knattspyrnudeildar Víkings verður að túlka inntak greinar 12.7 með þeim hætti að þjálfara sé óheimilt að hafa bein áhrif á lið sitt, eins og hann gerir alla jafna á hliðarlínu leiksins. Þannig megi þjálfari sem er í leikbanni t.d. ekki vera staðsettur neðarlega í áhorfendastúku og kalla bein fyrir mæli til sinna leikmanna. Að sama skapi megi þjálfari augljóslega ekki mæta í búningsherbergi fyrir leik eða í hálfleik og gefa liðsmönnum sínum bein fyrir mæli. Ákvæðið kemur hins vegar ekki í veg fyrir að þjálfari sé í einhvers konar tengslum við samstarfsfólk sitt í þjálfarateymi liðsins.

Knattspyrnudeild Vals byggir málflutning sinn á því að agareglur FIFA, sem eru ósamhljóða reglum KSÍ, eigi að gilda umfram hinar sérstöku reglur KSÍ. Þessu hafnar Knattspyrnudeild Víkings, því þó agareglur FIFA gangi lengra og banni sérstaklega öll samskipti við leikmenn og starfslið á umræddu tímabili þá er ekki hægt að beita þeim reglum í þessu máli sem er til úrlausnar hér. Agareglur FIFA geta vissulega verið til fyllingar við reglur KSÍ þegar þeim sleppir, en þar sem reglugerð KSÍ nær yfir háttsemina gildir reglugerðin ein og sér. Þetta er grundvallaratriði við túlkun lagaákvæða. Í þessu sambandi er jafnframt rétt að benda á það sem framan greinir og kemur fram í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál að nefndinni er beinlínis falið að fjalla um mál og úrskurða eftir lögum og reglum KSÍ, sbr. 2. gr. reglugerðarinnar um lögsögu og hlutverk nefndarinnar. Ef agareglur FIFA myndu gilda umfram sérstakar reglur KSÍ um einstök málefni þá væru reglur KSÍ einfaldlega óþarfar. Þær væru þá ekki til fyllingar, heldur æðri reglum KSÍ (*lex superior*). Málátlíbúnaði Knattspyrnudeildar Vals hvað þetta varðar er því hafnað.

Knattspyrnudeild Víkings telur því ljóst að samskipti þjálfara mfl. karla hafi ekki falið í sér brot gegn reglum KSÍ, enda hafi hann ekki haft bein samskipti eða verið í tengslum við leikmenn sína á meðan leik stóð eða klukkustund fyrir leik, og að reglur KSÍ gildi, sbr. samhljóða niðurstaða nefndarinnar í hinum áfrýjaða úrskurði þar sem segir:

„Telja verður að ákvæði 12.7. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál sé ætlað að taka á því með tæmandi hætti hvar þjálfari sem mætir á leikstað megi vera staðsettur á meðan hann tekur út leikbann. Af því má ráða að þjálfari, sem tekur út leikbann, sé heimilt að mæta á leikstað og vera á meðal áhorfenda, en sé óheimilt að vera staðsettur nærri leikmönnum og starfsliði eða þar sem hann geti verið í beinum tengslum við lið sitt. Þetta á við frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómari hefur flautað til leiksloka. Að mati aga- og úrskurðarnefndar geti rafræn samskipti líkt og þau sem vitnað er til í greinargerð framkvæmdastjóra ekki ótvírætt falið í sér brot gegn grein 12.7., sbr. úrskurði nefndarinnar í máli nr. 15/2023.“

Að þjálfara Víkings hafi verið óheimilt að fara í viðtal eftir leik

Í kæru sinni og áfrýjun heldur Knattspyrnudeild Vals því fram að þjálfari mfl. karla hafi brotið gegn reglum með því að fara í fjölmiðlaviðtal að loknum leik Vals og Víkings. Eins og fram hefur komið og fjallað hefur verið um felur grein 12.7 reglugerðar um aga- og úrskurðarmál í sér að leikbanni þjálfara sé lokið þegar dómari leiksins flautar til leiksloka. Þannig segir einfaldlega í ákvæðinu að þjálfara sé óheimilt að vera á leikvelli, í boðvangi og í búningsherbergjum þar til flautað hefur verið til leiksloka. Hvergi má finna bann við því að

þjálfari taki þátt í fjölmiðlaviðtali eftir leik, en eðli málsins samkvæmt væri honum óheimilt að gera það fyrir leik eða í hálfleik. Þannig er alveg skýrt að líftími leikbannsins miðast við lokaflaut dómara.

Með gagnályktun frá umræddu ákvæði má þjálfari þannig vera á leikvelli, í boðvangi og í búningsherbergi strax og flautað hefur verið til leiksloka. Stefán Árni Pálsson sem tók umrætt fjölmiðlaviðtal hefur upplýst að þjálfari mfl. karla hafi sérstaklega passað sig á því að fara ekki inn á leikvöll til þess að komast að viðtalsrýminu fyrr en eftir leik og þegar dómarar höfðu yfirgefið völinni. Jafnframt er rétt að benda á að þjálfurum í meistaraflakki ber að mæta í viðtöl hjá réttthafa sjónvarpsútsendinga að leik loknum og var þjálfari mfl. karla einfaldlega að uppfylla þá skyldu sína umrætt sinn. Með vísan til þess hafnar Knattspyrnudeild Víkings því alfarið að þátttaka í umræddu fjölmiðlaviðtali hafi falið í sér brot á grein 12.7 eða öðrum reglum KSÍ.

Um notkun rafræns samskiptabúnaðar

Í kæru sinni og áfrýjun er því haldið fram af Knattspyrnudeild Vals að knattspyrnulögin banni notkun forráðamanna á hvers konar rafrænum samskiptabúnaði á meðan leik stendur. Knattspyrnudeild Víkings telur umrædda grein einfaldlega ekki eiga við um það álitamál sem er hér uppi, en bendir þó á að í kæru Knattspyrnudeildar Vals er sérstaklega vísað til 4. gr. knattspyrnulaganna en þar segir:

„Notkun forráðamanna á hvers konar rafrænum samskiptabúnaði er óheimil, **nema** þar sem málið snýst um velferð eða öryggi leikmanna, eða af taktískum/þjálfunar ástæðum, en þá einungis með litlum lófátölvum eða öðrum þráðlausum búnaði (t.d. míkrofón, heyrnartólum, tæki í eyra, "smart" síma, "smart"úri, spjaldtölvu eða fartölvu). [leturbr. undirr.]

Ofangreint ákvæði heimilar þjálfara þannig að nota snjallsíma sinn ("smart" síma) vegna starfs síns af taktískum/þjálfunar ástæðum enda alþekkt að þjálfarar og leikgreinendur notfæri sér nútímataekni við störf sín fyrir leik og á meðan leik stendur.

Annar málatilbúnaður Knattspyrnudeildar Vals

Í kæru og áfrýjun Knattspyrnudeildar Vals er því haldið fram að þau viðurlög sem fram koma í grein 36.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót tæmi ekki sök varðandi þau viðurlög sem unnt sé að beita vegna brota á reglum KSÍ. Þannig hafi umrædd háttsemi verið svo alvarleg að dæma beri Val sigur í leiknum og þar vísað til greinar 11.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Þessi málatilbúnaður stenst enga skoðun að mati Knattspyrnudeildar Víkings og er augljóst að hennar mati að sú hámarksrefsing sem liggur við þeim brotum sem Knattspyrnudeild Vals telur hafa verið framin komi fram í grein 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem hámarksrefsing er tilgreind 300.000 kr. sekt. Í þessu sambandi má benda á að breyting var gerð á ákvæðinu og refsingu vegna þess breytt á sínum tíma. Afstaða Knattspyrnudeildar Vals að sú breyting sé ógild og óbindandi fyrir aga- og úrskurðarnefnd er vægast sagt sérstök og illa rökstudd. Í þessu sambandi ítrekar Knattspyrnudeild Víkings að ef reglur FIFA ættu að gilda umfram sérstakar reglur KSÍ þá væru reglur KSÍ óþarfar. “

V

Niðurstaða

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirbyggjandi gögn málsins. Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 8. september 2023. Með honum voru úrslit í leik Vals og Víkings R. í Bestu deild karla, sem fram fór þann 20. ágúst 2023, látin standa óhöggðuð og knattspyrnudeild Víkings R. var ekki gert að sæta viðurlögum samkvæmt grein 36.1. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Óumdeilt og ágreiningslaust er í málinu að þjálfari mfl. karla hjá varnaraðila var í tengslum og samskiptum við starfsfólk og þjálfara Víkings R. í boðvangi er hann var á meðal áhorfenda í leik Vals og Víkings R. í Bestu deild karla á sama tíma og hann tók út leikbann í leiknum í samræmi við úrskurð aga- og úrskurðarnefndar frá 15. ágúst 2023.

Dómurinn tekur undir sjónarmið í hinum áfrýjaða úrskurði að aðildarfélag innan KSÍ séu skuldbundin til að leika knattspyrnu í samræmi við knattspyrnulögin og í samræmi við lög og reglur KSÍ, FIFA og UEFA, sbr. 6.1 grein laga KSÍ. Aðildarfélagi er jafnframt skylt að virða lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir sem settar eru eða teknar af KSÍ, UEFA eða FIFA, sbr. 5.2. grein laga KSÍ. Reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er sett samkvæmt agareglum FIFA (*FIFA Disciplinary Code*), sbr. grein 1.1 reglugerðarinnar en reglugerðin gildir um öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda KSÍ nema mál séu sérstaklega falin öðrum úrskurðaraðilum samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ. Í grein 23.2. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál kemur fram að agareglur FIFA (*FIFA Disciplinary Code*) séu ákvæðum reglugerðarinnar til fyllingar, eftir því sem við á.

Dómurinn vísar til greinar 12.7. í reglugerð um aga- og úrskurðarmál sem fjallar m.a. um hvar þjálfari eða forystumaður sem mætir á leikstað megi ekki vera staðsettur á meðan hann tekur út leikbann en ekki er um tæmandi talningu að ræða í ákvæðinu þar sem segir „...*eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt.*“ Eins og orðalag ákvæðisins ber með sér þá er að mati dómsins verið að girða fyrir að þjálfari, sem tekur út leikbann, geti verið í tengslum við lið sitt klukkustund fyrir leik og á meðan á leik stendur.

Samkvæmt 1. mgr. 75. greinar agareglna FIFA ber aðildarsamböndum FIFA, þ.á.m. KSÍ, að aðlaga eigin agareglur að meginreglum agareglna FIFA. Sérstaklega er tiltekið í ákvæðinu að 3. mgr. 66. greinar agareglna FIFA sé álitin skyldubundin í innlendum knattspyrnumótum. Eins og 1. mgr. 75. greinar agareglna FIFA er orðuð, verður að líta svo á að ákvæði 3. mgr. 66. greinar sömu reglna sé fortakslaust. Samkvæmt tilgreindu ákvæði 3. mgr. 66. greinar agareglna FIFA er starfsfólki liðs, þ.á.m. þjálfara, óheimilt að vera í samskiptum við eða hafa samband við einstaklinga tengdum leik, sér í lagi leikmenn og starfsfólk liðsins á meðan leik stendur, á meðan viðkomandi tekur út leikbann. Á sama grundvelli er þjálfara liðs óheimilt taka þátt í blaðamannafundi eftir leik eða hvers konar fjölmiðlastarfsemi á leikvangi í tengslum við leik sem þjálfari tekur út leikbann í.

Með vísan til orðalags greinar 12.7. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál og með hliðsjón af fyrirnefndum ákvæðum agareglna FIFA, sem eru reglugerðinni til fyllingar, er það niðurstaða dómsins að þjálfara mfl. karla hjá varnaraðila hafi verið óheimilt að vera í tengslum eða samskiptum við starfsfólk eða þjálfara Víkings R. í boðvangi á sama tíma og hann tók út leikbann í leiknum. Þá hafi þjálfara verið óheimilt að taka þátt í fjölmiðlastarfsemi á leikvangi í tengslum við umræddan leik.

Í grein 36.1. reglugerðar um knattspyrnumót kemur m.a. fram að félag sem notar þjálfara eða forystumann sem er í leikbanni skuli sæta sektum og viðkomandi frekara leikbanni í samræmi við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar. Sé slíkt brot framið í meistaraflokki skuli viðkomandi félag sæta sektum að upphæð allt að kr. 300.000,-. Við ákvörðun sektarfjárhæðar er litið til þess að brotin áttu sér stað í efstu deild meistaraflokks og voru endurtekin á meðan leik stóð. Með hliðsjón af framangreindu, eðli og umfangi brota þjálfara varnaraðila og atvikum máls að öðru leyti er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin kr. 250.000.

Dómsorð

Knattspyrnudeild Víkings R. skal sæta sekt að upphæð kr. 250.000,-.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Lúðvík Örn Steinarsson [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]